

**Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um sjerstaka reikninga yfir tekju- 60**  
**skatt.** — Samkvæmt tillögum hinnar umbodslegu endurskoðunar, ákveð jeg hjermed, að 10. maí.  
 þær skilagreininir yfir tekjuskatt af eign og atvinnu, er eptir þeirri fyrirmynd er fyrirskipuð  
 var með brjefi landshöfðingja 20. október 1880 (B. 157) hingað til hafa verið innlimaðar  
 í manntalsbókarreikninga sýslumanna og bæjarfógeta verði framvegis sendar og afgreiddar  
 sem sjerstakir reikningar fyrsta sinn fyrir fjárhagsárið 1883.

Þetta læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, herra amt-  
 maður, og skal skora á yður að birta það hlutaðeigandi reikningshöldurum þeim til  
 eptirbreytni.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um skyldu póst 61**  
**gufuskipanna til að greiða áskriptargjald.** — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amt- 16. maí.  
 maður, dags. 7. p. m. hafið þjer sent mjer til úrlausnar fyrirspurn sýslumannsins í  
 Strandasýslu um það hvort skoda skuli póstgufuskipin, þegar þau ferma eða afferma vörur  
 á einhverri höfn sem verzlunarskip að því er snertir gjaldskyldu fyrir áritun á skjöl þeirra  
 og hvort nefndum sýslumanni því beri að ábyrgjast landssjóðnum skil á venjulegu  
 áskriptargjaldi fyrir komu póstgufuskipisins Romny á Reykjarfjörð í síðastliðnum sept-  
 embérmánuði.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður, yður til leiðbeiningar og til þess  
 þjer birtið það, að jeg er yður samdóma um að kveða ber já við ofangreindri fyrirspurn.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu um gjald fyrir þinglestur 62**  
**á merkjalýsingum.** — Í þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 5. p. m. hafið 16. maí.  
 þjer borið undir úrskurð minn fyrirspurn sýslumannsins í Árnessýslu um það, hvort eigi  
 beri að heimta hið venjulega þinglesturgjald fyrir þinglestur á landamerkjalyýsingum  
 samkvæmt landamerkjalyögum 17. marz f. á. með því að lögin ekki gjöri neina undan-  
 þágu í þessu tilliti og hafið þjer getið þess að þjer fengjuð eigi betur sjæð, en að fyrir  
 þinglestur á skjölum þessum beri að greiða gjald samkvæmt aukatekjureglugjörð 10.  
 sept. 1830 30. gr. sbr. 29. gr. i. f.

Útaf þessu vil jeg hjermed þjónustusamlega tjá yður, yður til leiðbeiningar og  
 til þess þjer birtið það, að jeg er yður fullkomlega samdóma um hvernig svara beri  
 spurningu þeirri, er hjer ræðir um.

### A u g l ý s i n g . 63

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1882 og 1883 § 10, C, 4., á landshöfðingi að 19. maí.  
 úthluta helmingnum af þeim 20,000 kr., sem veittar eru til eflingar búnaði fyrir árið  
 1883, eða 10,000 kr. til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda og að  
 hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjórhundraða, og hefir fje þessu verið  
 jafnað niður á sýslu- og bæjar-fjelögin á sama hátt sem gjört var í fyrra um samkyns  
 fjárveitingu fyrir 1882, að öðru leyti en því að lausafjór-hundruðin hafa nú verið talin

63. eptir skattreikningunum fyrir 1881 eða eins og þau voru í fardögum 1880. Sömu leiðis hafa upphæðirnar eins og í fyrra verið látnar standa á tug og um leið hefir svo sem unnt var verið sljettað úr ójöfnuði þeim, er þetta olli hinum einstöku sveitarfjölögum í fyrra.

Upphæðir þær, er hvert sýslu eða bæjarfjélag fyrir sig fær, eru þessar:

<i>Sýslu- og bæjarfjölög.</i>			Lausafje í fardögum 1880 ö	Fasteign eptir jardabók 1861. ö	Mamtal 1/10 1880	Upphæð Kr.
1	Austur-Skaftafells- sýsla	—	1373,4	1013,5	1274	170
2	Vestur- —	—	2911,5	2049,5	2230	330
3	Rangárvalla- —	—	5405,5	7468,4	5360	810
4	Árness- —	—	5607,0	8606,8	6257	920
5	Vestmannaeyja- —	—	134,0	389,5	557	50
6	Gullbringu- og Kjósar- —	—	2318,2	4821,5	5660	630
7	Reykjavíkur-kaupstaður	—	264,5	355,5	2567	200
8	Borgarfjarðar- —	—	1807,7	3747,4	2598	370
9	Mýra- —	—	2168,6	3286,2	2328	340
10	Snæfellsness- og Hnappad- —	—	2003,0	4261,7	3272	440
11	Dala- —	—	2276,5	3692,6	2357	370
12	Barðastrandar- —	—	1560,5	3877,2	2857	390
13	Ísafjarðar- —	—	2176,1	3678,7	5031	550
14	Ísafjarðar-kaupstaður	—	91,0	14,4	520	40
15	Stranda- —	—	1365,0	1554,2	1861	230
16	Húnavatns- —	—	5668,5	7209,4	5025	790
17	Skagafjarðar- —	—	4834,0	7667,9	4599	750
18	Eyjafjarðar- —	—	4151,0	7901,0	4613	730
19	Akureyrar-kaupstaður	—	78,5	12,3	713	60
20	Suður-Þingeyjar- —	—	3153,9	5191,8	3767	540
21	Norður- —	—	1312,9	1840,3	1569	210
22	Norður-Múla- —	—	4445,0	4159,0	3825	560
23	Suður- —	—	4012,5	3866,0	3603	520
			59118,8	86665,1	72443	10000

Um leið og jeg kunngjóri þetta, skora jeg hjer með á sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, er hlut eiga að máli, að senda mjer innan ársloka tillögur sínar um, hversu verja skuli samkvæmt ákvæðum fjárlaganna upphæð þeirri, er hverju sýslu- eða bæjarfjélagi er ætluð, eptir því sem að framan er skráð, um árið 1883. Þá er tillögurnar svo eru samþykktar mun upphæð hverri verða ávísað til útborgunar úr landssjóði.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 19. maí 1883.

**Bergur Thorberg,**

settur.

*Jón Jenson,*

settur.